

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 672/2010,

2012/EES/67/23

frá 27. júlí 2010

um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar afsingar- og móðuhreinsunarkerfi fyrir framrúðu tiltekinnna vélknúinna ökutækja og framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

1. gr.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

## Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um vélknúin ökutæki í flokki M<sub>1</sub>, eins og þau eru skilgreind í II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB, sem hafa framrúðu.

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

## Skilgreiningar

- 1) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 er sérreglugerð um gerðarviðurkenningaraðferðina sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(2)</sup>.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 78/317/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi upphitun og rakahreinsun á rúðum vélknúinna ökutækja <sup>(3)</sup>. Þær kröfur sem settar eru fram í þeirri tilskipun skulu færast yfir í þessa reglugerð og þeim breytt, ef nauðsyn krefur, í því skyni að laga þær að framförum á sviði vísinda og tækni, einkum svo taka megir tillit til sérkenna fjöl- og rafknúinna ökutækja.
- 3) Gildissvið þessarar reglugerðar er í samræmi við gildissvið tilskipunar 78/317/EBE og takmarkast því við ökutæki í flokki M<sub>1</sub>.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um grundvallarákvæði um kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar afsingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu. Því er nauðsynlegt að setja einnig fram sérstakar verklagsreglur, prófanir og kröfur fyrir slíka gerðarviðurkenningu.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „gerð ökutækis að því er varðar afsingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu“: ökutæki sem ekki eru frábrugðin hvert öðru hvað eftirtalin grundvallaratriði varðar:
  - eiginleika afsingar- og móðuhreinsunarkerfa,
  - ytra og innra form og tilhögun innan þess 180° sjónsviðs sem bílstjórinn hefur fram á við og getur haft áhrif á skyggni,
  - lögun, stærð, þykkt og einkenni framrúðu og festingar hennar,
  - hámarksfjölda sæta,
2. „hreyfill“: brunahreyfill sem gengur annað hvort fyrir fljótandi eða loftkenndu eldsneyti,
3. „afsingarkerfi“: kerfi sem ætlað er til að eyða hrími eða ís á ytra yfirborði framrúðu,
4. „afsingarsvæði“: hluti framrúðu sem er með þurrt ytra yfirborð eða ytra yfirborð sem þakið er blautu hrími sem er að einhverju eða öllu leyti bráðið og hægt er að fjarlægja með framrúðupurrkubúnaði ökutækis,
5. „móðuhreinsunarkerfi“: kerfi sem ætlað er til að fjarlægja móðu á innra yfirborði framrúðu,
6. „móða“: þunnt lag af þéttri gufu á innra yfirborði framrúðunnar,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 196, 28.7.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 17.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 81, 28.3.1978, bls. 27.

7. „móðuhreinsað svæði“: hluti framrúðunnar sem er með þurr innra yfirborð, án dropa eða vatnslóðar, eftir að hafa áður verið þakið móðu,
8. „sjónsvæði A“: prófunarsvæði A eins og það er skilgreint í lið 2.2 í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 <sup>(1)</sup>,
9. „sjónsvæði B“: prófunarsvæði B, sem dregið hefur verið úr, eins og það er skilgreint í lið 2.4 í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, án útlökunar svæðisins sem skilgreint er þar í lið 2.4.1.
10. „hönnunarhalli sætisbaks“: halli sem mældur er á milli lóðréttrar línu í gegnum R-punkt eða viðmiðunarpunkt sætis og bollínu í stöðu sem samsvarar hönnunarstöðu sætisbaks eins og hún er uppgöfin af framleiðanda ökutækis,
11. „R-punktur“ eða „viðmiðunarpunktur sætis“: punktur sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir fyrir hverja stöðu sætis að því er varðar þrívítt viðmiðunarkerfi,
12. „þrívítt viðmiðunarkerfi“: viðmiðunarkerfi sem samanstendur af lóðréttu lengdarplani X-Z, láréttu plani X-Y og lóðréttu þverplani Y-Z í samræmi við ákvæði 2. viðbætis við II. viðauka,
13. „aðalviðmiðunarkerfi“: göt, yfirborð, merki eða önnur auðkenni á yfirbyggingu ökutækis eða grind þar sem X, Y og Z hnitin innan þrívíða viðmiðunarkerfisins eru tilgreind af framleiðanda ökutækis,
14. „aðalrofi ökutækis“: búnaður sem færir rafkerfi um borð í ökutæki yfir í venjulegan notkunarham eftir að slökkt hefur verið á því, eins og þegar ökutæki hefur verið lagt og það er án ökumanns.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júlí 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Hefur ekki verið birt. Verður birt fyrir ágúst 2010.

3. gr.

#### **Ákvæði fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til afsingar- og móðuhreinsunarkerfa framrúðu**

1. Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal leggja fram umsókn til gerðarviðurkenningaryfirvalds um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til afsingar- og móðuhreinsunarkerfa framrúðu.
  2. Umsóknin skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 1. hluta I. viðauka.
  3. Ef viðeigandi kröfur sem settar eru fram í II. viðauka eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.
- Aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.
4. Að því er varðar 3. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningavottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 2. hluta I. viðauka.

4. gr.

#### **Gildistími og rýmkun viðurkenninga sem veittar eru samkvæmt tilskipun 78/317/EBE**

Landsyfirvöld skulu heimila að ökutæki, sem hlutu gerðarviðurkenningu fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009, séu seld og tekin í notkun og skulu halda áfram að veita rýmkun viðurkenningar fyrir þau ökutæki og aðskildar tæknieiningar samkvæmt skilmálum tilskipunar 78/318/EBE.

5. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*I. VIÐAUKI*

**Stjórnsýsluskjöl fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækja með tilliti til afsingar- og móðuhreinsunarkerfa framrúðu**

## 1. HLUTI

## Upplýsingaskjal

## FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu vélknúns ökutækis með tilliti til afsingar- og móðuhreinsunarkerfa framrúðu.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, ihlutir eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í þessum viðauka eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð: .....
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef til er): .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu <sup>(b)</sup>: .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur <sup>(c)</sup>: .....
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
- 0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....
- 1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils: .....
- 1.8. Stýri, hægra eða vinstra megin <sup>(1)</sup>: .....
3. HREYFILL <sup>(k)</sup>
- 3.1. Framleiðandi hreyfilsins: .....
- 3.1.1. Hreyfilkóði framleiðanda (eins og hann er settur á hreyfilinn eða annars konar auðkenni): .....
- 3.2. Brunahreyfill
- 3.2.1. Sérstakar upplýsingar um hreyfil
- 3.2.1.1. Vinnsluháttur: rafkveikja/þjöppukveikja <sup>(1)</sup> Fjörgengis/tvígengis/hverfihreyfill <sup>(1)</sup>
- 3.2.1.2. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: .....
- 3.2.1.3. Slagrými hreyfils <sup>(m)</sup>: ..... cm<sup>3</sup>
- 3.2.1.6. Eðlilegur snúningshraði hreyfils í lausagangi <sup>(2)</sup>: ..... mín<sup>-1</sup>
- 3.2.1.8. Hámarksnettóafli <sup>(n)</sup>: ..... kW við ..... mín<sup>-1</sup> (uppgæfið gildi framleiðanda)
- 3.2.2. Eldsneyti
- 3.2.2.1. Létt ökutæki: Disilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas eða lífmetan/etanól(E85)/lífdísilolía/vetni<sup>(1)</sup> <sup>(6)</sup>
- 3.2.5. Rafkerfi
- 3.2.5.1. Málspenna: ..... V, jákvæð/neikvæð jarðtenging <sup>(1)</sup>

- 3.2.5.2. Rafall
- 3.2.5.2.1. Gerð: .....
- 3.2.5.2.2. Nafnaköst: .....  
VA
- 3.2.7. Kælikerfi: (vökvi/loft) <sup>(1)</sup>
- 3.2.7.1. Nafnstilling stjórnbúnaðar fyrir hita hreyfils: .....
- 3.2.7.2. Vökvi
- 3.2.7.2.1. Tegund vökvans: .....
- 3.2.7.2.2. Hringrásardæla eða -dælur: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.7.2.3. Eiginleikar: eða
- 3.2.7.2.3.1. Tegund(-ir):
- 3.2.7.2.3.2. Gerð(-ir):
- 3.2.7.2.4. Drifhlutfall/-föll: .....
- 3.2.7.2.5. Lýsing á viftu og drifbúnaði hennar: .....
- 3.2.7.3. Loft
- 3.2.7.3.1. Vifta: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.7.3.2. Eiginleikar: ..... eða
- 3.2.7.3.2.1. Tegund(-ir): .....
- 3.2.7.3.2.2. Gerð(-ir): .....
- 3.3. Rafmagnshreyfill
- 3.3.1. Gerð (vindingur, mögnun) .....
- 3.3.1.1. Hámarksafköst á klukkustund: ..... kW
- 3.3.1.2. Vinnsluspenna: ..... V
- 3.3.2. Rafgeymir
- 3.3.2.1. Fjöldi rafgeymiseininga: .....
- 3.3.2.2. Massi: ..... kg
- 3.3.2.3. Rýmd: ..... Ah (amperstundir)
- 3.3.2.4. Staða: .....
- 3.4. Hreyfill eða hreyfilsamsetningar
- 3.4.1. Fjölknúð rafökutæki: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.4.2. Flokkur fjölknúns rafökutækis: hleðsla utan ökutækis/hleðsla ekki utan ökutækis: <sup>(1)</sup>
- 3.4.3. Valrofi fyrir vinnsluhátt: með/án <sup>(1)</sup>
- 3.4.3.1. Notkunarhamir í boði
- 3.4.3.1.1. Eingöngu rafknúð: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.4.3.1.2. Eingöngu eldsneytisknúð: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.4.3.1.3. Fjölknúinn hamur: já/nei <sup>(1)</sup> (ef já, stutt lýsing): .....
- 3.4.4. Lýsing á orkugeymslubúnaði: (rafgeymir, þéttir, sveifluhjól/rafall)
- 3.4.4.1. Tegund(-ir): .....
- 3.4.4.2. Gerð(-ir): .....
- 3.4.4.3. Kenninúmer: .....

- 3.4.4.4. Tegund rafefnatengingar: .....
- 3.4.4.5. Orka:.....(fyrir rafgeymi: spenna og rýmd í amperstundum í 2 klst., fyrir þétti: J, .....
- 3.4.4.6. Hleðslutæki: í ökutækinu/utan ökutækis/án <sup>(1)</sup>
- 3.6. Hitastig sem framleiðandi heimilar
- 3.6.1. Kælikerfi
- 3.6.1.1. Vökvakæling: hámarkshiti við úttak: ..... K
- 3.6.1.2. Lofikæling
- 3.6.1.2.1. Viðmiðunarpunktur: .....
- 3.6.1.2.2. Hámarkshiti við viðmiðunarpunkt: ..... K
- 3.6.2. Hámarksúttakshiti í innbyggða millikælikerfinu: ..... K
- 3.6.3. Hámarkshiti útblásturs við punktinn í útblástursröri eða -rörum sem er samliggjandi ytri brúnum útblástursgreinar eða hverfíþjöppu: ..... K
9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar með kóðunum sem skilgreindir eru í C-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB: .....
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir: .....
- 9.3. Dyr fyrir farþega, læsingar og lamir:
- 9.3.1. Fyrirkomulag og fjöldi dyra: .....
- 9.4. Sjónsvið
- 9.4.1. Upplýsingar um helstu viðmiðunarmerki sem skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að þekkja þau auðveldlega og sannprófa stöðu þeirra innbyrðis og miðað við R-punktinn: .....
- 9.4.2. Teikning(-ar) eða ljósmynd(-ir) þar sem fram komi staðsetning íhluta sem eru innan við 180 gráður í sjónsviði fram á við: .....
- 9.5. Framrúða og aðrar rúður
- 9.5.1. Framrúða
- 9.5.1.1. Efni sem eru notuð: .....
- 9.5.1.2. Uppsetningaraðferð: .....
- 9.5.1.3. Hallahorn: .....
- 9.5.1.4. Gerðarviðurkenningarnúmer: .....
- 9.5.1.5. Fylgihlutir framrúðu og staðir sem þeir eru festir á ásamt stuttri lýsingu á rafmagns-/rafeindaíhlutum: .....
- 9.6. Framrúðupurrka eða -þurrkur
- 9.6.1. Nákvæm tæknilýsing (ásamt ljósmyndum eða teikningum): .....
- 9.7. Framrúðusprauta
- 9.7.1. Nákvæm tæknilýsing (ásamt ljósmyndum eða teikningum), eða gerðarviðurkenningarnúmer ef sprautan hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining: .....
- 9.8. Afising og móðuhreinsun
- 9.8.1. Nákvæm tæknilýsing (ásamt ljósmyndum eða teikningum): .....
- 9.8.2. Hámarksnotkun á rafmagni: ..... kW
- 9.10. Innréttingar
- 9.10.1. Varnir fyrir ökumann og farþega, innan ökutækis
- 9.10.1.1. Hönnunarteikning eða ljósmyndir sem sýna stöðu meðfylgjandi sniðmynda eða sjónarhorna: .....
- 9.10.1.3. Ljósmyndir, teikningar og/eða sundurgreind mynd af innréttingunum sem sýnir þá hluta sem eru í farþegarými og efni sem þeir eru úr (að frátöldum innri baksýnispeglum), fyrirkomulagi stjórtækja, þaki og renniþaki, baki, sætum og aftari hluta þeirra: .....

9.10.3.	Sæti	
9.10.3.1.	Sætafjöldi <sup>(e)</sup> :	
9.10.3.1.1.	Staðsetning og fyrirkomulag .....	
9.10.3.5.	Hnit eða teikning R-punktsins	
9.10.3.5.1.	Ökumannssæti .....	
9.10.3.6.	Hönnunarhalli sætisbaks	
9.10.3.6.1.	Ökumannssæti .....	

#### Skýringar

- <sup>(1)</sup> Stríkið yfir það sem á ekki við.
- <sup>(2)</sup> Tilgreinið vikið.
- <sup>(e)</sup> Ökutæki, sem geta notað bæði bensín og lofkennt eldsneyti en eru búin bensínkerfi sem neyðarráðstöfun eða eingöngu til ræsingar og þar sem bensíngeymir tekur mest 15 lítra bensíns, verður, með tilliti til prófunarinnar, litið á sem ökutæki sem eingöngu geta notað lofkennt eldsneyti.
- <sup>(b)</sup> Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta upplýsingaskjal nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).
- <sup>(c)</sup> Flokkað samkvæmt skilgreiningum sem settar eru fram í A-hluta II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB.
- <sup>(k)</sup> Ef um er að ræða ökutæki sem getur annaðhvort gengið fyrir bensíni eða dísilolíu, o.s.frv., eða ásamt öðru eldsneyti skal endurtaka liðina. Framleiðandi skal gefa jafngildar upplýsingar og um getur hér fyrir óvenjulega hreyfla og kerfi.
- <sup>(m)</sup> Þetta gildi skal reikna með ( $\pi = 3,1416$ ) og námunna að næsta  $\text{cm}^3$ .
- <sup>(n)</sup> Ákvarðað í samræmi við kröfur tilskipunar ráðsins 80/1269/EBE (Stjtið. EB L 375, 31.12.1980, bls. 46).
- <sup>(f)</sup> Fjöldi sæta sem tilgreindur er skal vera sá sem á við þegar ökutækið er á hreyfingu. Tilgreina má svið ef um er að ræða eininga-fyrirkomulag.

## 2. HLUTI

## EB-gerðarviðurkenningarvottorð

## FYRIRMYND

Snið: A4 (210 × 297 mm)

## EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

- EB-gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>
- synjun EB-gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>
- afturköllun EB-gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>

} á gerð ökutækis að því er varðar afsingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu

að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 672/2010, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. .../... <sup>(1)</sup>

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

## I. ÞÁTTUR

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð: .....
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef til er): .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu <sup>(2)</sup>: .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur <sup>(3)</sup>: .....
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
- 0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

## II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar: sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....
3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....
4. Númer prófunarskýrslu: .....
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður: .....
7. Dagsetning: .....
8. Undirskrift: .....

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn.

Prófunarskýrsla

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, ihlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB.



*Viðbót***við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. ...**

1. Frekari upplýsingar:
  - 1.1. Stutt lýsing á ökutækisgerðinni með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaeftna: .....
  - 1.2. Lýsing á afisingar- og móðuhreinsunarkerfum framrúðu: .....
  - 1.3. Lýsing á innra skipulagi eða innréttingum sem kynnu að hafa áhrif á niðurstöður prófananna: .....
  - 1.4. Hámarksfjöldi sæta: .....
  - 1.5. Einkenni framrúðu: ..... þykkt íhluta (mm) .....
  - 1.6. Málsþenna rafmagnsbúnaðar (V): .....
2. Stýri, hægra eða vinstra megin <sup>(1)</sup>
3. Hreyfill: rafkveikju-/þjöppkveikju-/raf-/fjölknúinn raf-/ ..... <sup>(1)</sup>
4. Prófunarhitastig afisingar: – 8 °C/– 18 °C <sup>(1)</sup>
5. Athugasemdir: .....

---

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

## II. VIÐAUKI

## Kröfur fyrir afsingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu

1. SÉRTÆKAR KRÖFUR
  - 1.1. Afsing framrúðu
    - 1.1.1. Öll ökutæki skulu búin kerfi til að fjarlægja hrím og ís af ytra yfirborði framrúðu. Afsingarkerfi framrúðu skal vera nógu skilvirkt til að tryggja fullnægjandi útsýn í gegnum framrúðu í köldu veðri.
    - 1.1.2. Skilvirkni kerfisins skal sannprófuð með því að ákvarða afsingarsvæði framrúðunnar með reglulegu millibili eftir að ökutæki er sett í gang í kjölfar þess að hafa verið geymt í köldu hólfi í tiltekinn tíma.
    - 1.1.3. Eftirlit skal haft með kröfunum í liðum 1.1.1 og 1.1.2 með aðferðinni sem sett er fram í lið 2.1 í þessum viðauka.
    - 1.1.4. Eftirfarandi kröfum skal fullnægt:
      - 1.1.4.1. afsingu 80% af sjónsvæði A, eins og það er skilgreint í samræmi við 3. viðbæti við II. viðauka, skal lokið 20 mínútum eftir að prófunarferli hefst,
      - 1.1.4.2. afsingarsvæði framrúðunnar farþegamegin skal vera sambærilegt við það sem tilgreint er fyrir hlið ökumanns í lið 1.1.4.1 25 mínútum eftir að prófunarferli hefst,
      - 1.1.4.3. afsingu 95% af sjónsvæði B, eins og það er skilgreint í samræmi við 3. viðbæti við II. viðauka, skal lokið 40 mínútum eftir að prófunarferli hefst.
  - 1.2. Móðuhreinsun framrúðu
    - 1.2.1. Öll ökutæki skulu búin kerfi til að fjarlægja móðu af innra yfirborði framrúðu.
    - 1.2.2. Móðuhreinsunarkerfi skal vera nógu skilvirkt til að endurheimta útsýn í gegnum framrúðu ef móða er á henni. Skilvirkni þess skal sannprófuð með aðferðinni sem lýst er í lið 2.2 þessa viðauka.
    - 1.2.3. Eftirfarandi kröfum skal fullnægt:
      - 1.2.3.1. móðuhreinsun 90% af sjónsvæði A, eins og það er skilgreint í samræmi við 3. viðbæti við II. viðauka, skal lokið á 10 mínútum,
      - 1.2.3.2. móðuhreinsun 80% af sjónsvæði B, eins og það er skilgreint í samræmi við 3. viðbæti við II. viðauka, skal lokið á 10 mínútum.
2. PRÓFUNARAÐFERÐ
  - 2.1. Afsing framrúðu
    - 2.1.1. Prófunin skal framkvæmd við  $-8 \pm 2$  °C eða  $-18 \pm 3$  °C hita, sem framleiðandi velur.
    - 2.1.2. Prófunin skal framkvæmd í köldum klefa sem er nógu stór fyrir fullbúið ökutæki og getur viðhaldið öðru hitastiginu sem getið er í lið 2.1.1 í klefanum alla prófunina og hringrás kalds lofts. Kalda klefanum skal haldið við eða undir tilgreindu prófunarhitastigi í a.m.k. 24 klst. fyrir þann tíma þegar ökutækið kemst í snertingu við kuldann.
    - 2.1.3. Fyrir prófunina skal fituhreinsa innra og ytra yfirborð framrúðunnar með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoníaklausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og svo strokið yfir það með þurrum baðmullarklút.

- 2.1.4. Slökkt skal á ökutækinu og það haft við prófunarhitann í a.m.k. 10 klst. áður en prófunin hefst.
- 2.1.4.1. Styttu má þennan tíma ef mögulegt er að kanna hvort kælivökvi og smurólía ökutækisins haldist stöðug við prófunarhitastigið.
- 2.1.5. Að loknum tímanum sem mælt er fyrir um í lið 2.1.4 skal jafnt lag af ís,  $0,044 \text{ g/cm}^2$ , borið á allt ytra yfirborð framrúðunnar með vatnsúðabyssu með vinnsluþrýsting upp á  $3,5 \pm 0,2$  bör.
- 2.1.5.1. Úðastútnum, sem stilltur er á fullt blævængsmynstur og hámarksflæði, skal haldið hornrétt að gleryfirborðinu í 200 til 250 mm fjarlægð og skal beint þannig að hann myndi jafnt lag af ís þvert yfir framrúðuna frá einni hlið til annarrar.
- 2.1.5.1.1. Til að uppfylla kröfurnar í lið 2.1.5 má nota úðabyssu með stút sem er 1,7 mm í þvermál og hefur vökvastreymi upp á 0,395 l/mín og getur myndað fullt blævængsmynstur, sem er 300 mm í þvermál, á gleryfirborðið úr 200 mm fjarlægð frá því. Allur annar búnaður sem dugur til þess að uppfylla kröfurnar skal einnig leyfilegur.
- 2.1.6. Eftir að ísinn hefur verið myndaður á framrúðinni skal ökutækið geymt í kalda klefanum í a.m.k. 30 mínútur til viðbótar en þó ekki lengur en í 40 mínútur.
- 2.1.7. Að loknum tímanum sem mælt er fyrir um í lið 2.1.6 skulu einn til tveir skoðunarfulltrúar fara inn í ökutækið, síðan má kveikja á aðalstjórnþúnaði ökutækis og ræsa má hreyfil sé hann til staðar, ef þörf er á utan að frá. Prófunartími skal hefjast um leið og aðalstjórnrofi ökutækis hefur verið virkjaður.
- 2.1.7.1. Sé hreyfill í ökutækinu má stilla snúningshraða hans fyrstu fimm mínútur prófunartímans samkvæmt forskrift sem framleiðandi mælir með til upphitunar þegar verið er að ræsa í köldu veðri.
- 2.1.7.2. Á meðan á síðustu 35 mínútum prófunartímans stendur (eða allan prófunartímann sé ekki farið eftir fimm mínútna upphitunaraðferðinni):
- 2.1.7.2.1. skal hreyfillinn, sé hann til staðar, ganga á hraða sem ekki fer yfir 50% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða fjölknúin rafökutæki, skal ákvarða raunhæf, verstu, hugsanlegu tilvik. Tilvikin skulu taka tillit til snúningshraða og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki við hefðbundin akstursskilyrði og umhverfishita sem nemur  $-8 \text{ }^\circ\text{C}$  eða  $-18 \text{ }^\circ\text{C}$ , hvort sem framleiðandi hefur valið sem tilgreint prófunarhitastig. Ef kerfið getur uppfyllt kröfur um afþingingu án hreyfils í gangi, þarf hreyfillinn ekki að vera í gangi.
- 2.1.7.3. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar.
- 2.1.7.4. Á meðan á prófun stendur má spennu við úttök afþingargarþúnaðar ekki vera meira en 20% yfir nafnspennu kerfisins.
- 2.1.7.5. Hitastig í prófunarklefa skal mælt við miðju framrúðu, á stað sem ekki hefur orðið fyrir verulegum hitaáhrifum frá ökutækinu sem verið er að prófa.
- 2.1.7.6. Hraði loftsins sem streymir lárétt og kælir klefann, mældur rétt fyrir prófun í miðjuhlana ökutækis, á stað sem er 300 mm framan við neðsta hluta framrúðunnar og mitt á milli neðsta og efsta hluta hennar, skal vera eins lítill og unnt er og alltaf minni en 8 km/klst.
- 2.1.7.7. Vélarhlíf, þak, allar dyr, gluggar og loftop, sé slíkt til staðar, að undanskildu inn- og úttaki hita- og loftræstikerfis, skal vera lokað, einn eða tvo glugga má opna samtals 25 mm lóðrétt, fari framleiðandi ökutækisins fram á það.

- 2.1.7.8. Stjórnþæki afþingarkerfis ökutækisins skulu vera stillt eins og framleiðandi ökutækisins mælir með fyrir prófunarhitastigið.
- 2.1.7.9. Nota má framrúðupurrkur meðan á prófun stendur, hún skal þó eiga sér stað án handvirkra aðstoðar, annarrar en beitingar stjórnþækja inni í ökutækinu.
- 2.1.8. Skoðunarfulltrúi (fulltrúar) skal afmarka afþingarsvæðið á innra yfirborði framrúðunnar, með fimm mínútna millibili frá því að prófunartími hefst.
- 2.1.9. Þegar prófun lýkur skal mynstur afþingarsvæðisins, sem afmarkað er á innra borði framrúðunnar eins og farið er fram á í lið 2.1.8, skráð og merkt til að auðkenna sjónsvæði A og B á framrúðunni.
- 2.2. Móðuhreinsun framrúðu
- 2.2.1. Fyrir prófunina skal fituhreinsa innra yfirborð framrúðunnar með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoniaklausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og svo strokið yfir það með þurru baðmullarklút.
- 2.2.2. Prófunin skal framkvæmd í loftlagsklefa sem er nógu stór fyrir fullbúið ökutæki og sem getur framkallað og viðhaldið prófunarhitastigi upp á  $-3 \pm 1$  °C allan prófunartímann.
- 2.2.2.1. Hitastig í prófunarklefa skal mælt við miðju framrúðu, á stað sem ekki hefur orðið fyrir verulegum hitaáhrifum frá ökutækinu sem verið er að prófa.
- 2.2.2.2. Hraði loftsins sem streymir lárétt og kælir klefann, mældur rétt fyrir prófun í miðjuhluta ökutækis, á stað sem er 300 mm framan við neðsta hluta framrúðunnar og mitt á milli neðsta og efsta hluta hennar, skal vera eins lítill og unnt er og alltaf minni en 8 km/klst.
- 2.2.2.3. Vélarhlíf, þak, allar dyr, gluggar og loftop, sé slíkt til staðar, að undanskildu inn- og úttaki hita- og loftræstikerfis, skal vera lokað, einn eða tveir gluggar mega vera opnir, frá upphafi móðuhreinsunarprófunarinnar, samtals 25 mm lóðrétt, fari framleiðandi ökutækisins fram á það.
- 2.2.3. Móðan skal framleidd með gufutæki eins og lýst er í 4. viðbæti við II. viðauka. Tækið skal innihalda nógu mikið vatn til þess að framleiða a.m.k.  $70 \pm 5$  g/klst. af gufu fyrir hvert sæti sem framleiðandi tilgreinir, við umhverfishita upp á  $-3$  °C.
- 2.2.4. Innra yfirborð framrúðu skal þrifið eins og tilgreint er í lið 2.2.1 eftir að ökutækið er sett í loftlagsklefann. Lofthiti skal lækkaður og honum haldið stöðugum við  $-3 \pm 1$  °C. Slökkt skal á ökutækinu og það haft við prófunarhitann í a.m.k. 10 klst. áður en prófunin hefst. Styttu má þennan tíma ef mögulegt er að kanna hvort kælivökvi og smurólía ökutækisins haldist stöðug við prófunarhitastigið.
- 2.2.5. Gufutækinu skal komið fyrir með úttak við lengdarmiðjuhluta ökutækisins í  $580 \pm 80$  mm hæð yfir R-punkti eða viðmiðunarpunkti öikumannssætis. Venjulega skal hann staðsettur beint fyrir aftan bakstoð framsæta, með sætin í hönnunarstöðu sem tilgreind er af framleiðanda og sætisbók stillt í samræmi við hönnunarsætið. Þar sem hönnun ökutækis kemur í veg fyrir það, skal tækið vera staðsett framan við bakstoð, í næstu hentugu stöðu við þá sem nefnd var að ofan.
- 2.2.6. Þegar tækið hefur starfað í fimm mínútur inni í ökutækinu skulu einn eða tveir skoðunarfulltrúar fara snöggt inn í ökutækið, þannig að þeir opni aðgengisdýr ekki lengur en í 8 sekúndur, og setjast í framsætin, þá skal dregið úr afköstum ketilsins um  $70 \pm 5$  g/klst. fyrir hvern skoðunarfulltrúa.
- 2.2.7. Einni mínútu eftir að skoðunarfulltrúi (fulltrúar) hefur farið inn í ökutækið má kveikja á aðalstjórnþúnaði ökutækis og ræsa má hreyfil sé hann til staðar, ef þörf er á utan að frá. Prófunartími skal hefjast um leið og aðalstjórnþúnaði ökutækis hefur verið virkjaður.

- 2.2.7.1. Sé hreyfill í ökutækinu skal hann ganga á hraða sem ekki fer yfir 50% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða fjölknúin rafökutæki, skal ákvarða raunhæf, verstu, hugsanlegu tilvik. Tilvikin skulu taka tillit til snúningshraða og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki við hefðbundin akstursskilyrði og umhverfishita sem nemur  $-1\text{ }^{\circ}\text{C}$ . Ef kerfið getur uppfyllt kröfur um móðuhreinsun án hreyfils í gangi, þarf hreyfillinn ekki að vera í gangi.
- 2.2.7.2. Stjórnæki móðuhreinsunarkerfis ökutækisins skulu vera stillt eins og framleiðandi ökutækisins mælir með fyrir prófunarhitastigið.
- 2.2.7.3. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar.
- 2.2.7.4. Spenna við úttök móðuhreinsunarbúnaðar má ekki vera meira en 20% yfir nafnspennu kerfisins.
- 2.2.8. Þegar prófun lýkur skal mynstur móðuhreinsaða svæðisins skráð og merkt til að auðkenna sjónsvæði A og B á framrúðunni.
-

*1. viðbætur***Aðferð við sannprófun á R-punkti eða viðmiðunarpunkti sætis**

R-punktur eða viðmiðunarpunktur sætis er fundinn í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17 <sup>(1)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 373, 27.12.2006, bls. 1.

*2. viðbætur***Aðferð við ákvörðun á aðalviðmiðunarkerkjum í þrívíða viðmiðunarhnitakerfinu**

Hlutföllin á milli aðalviðmiðunarkerkja á teikningum og stöðu þeirra á sjálfu ökutækinu eru ákvörðuð í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 125 (1).

---

<sup>(1)</sup> Hefur ekki verið birt. Verður birt fyrir ágúst 2010.

*3. viðbætur***Aðferð við ákvörðun á sjónsvæði á framrúðum ökutækja**

Sjónsvæði A og B eru fundin í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 43.


## 4. viðbætur

## Kröfur vegna gufutækis

1. EIGINLEIKAR
  - 1.1. Gufutæki sem notað er við prófunina skal hafa eftirfarandi almenna eiginleika:
    - 1.1.1. Vatnsgeymir skal a.m.k. hafa rými fyrir 2,25 lítra.
    - 1.1.2. Varmatap við suðumark skal ekki vera meira en 75 W við umhverfishita sem nemur  $-3 \pm 1$  °C.
    - 1.1.3. Viftan skal afkasta 0,07 til 0,10 m<sup>3</sup>/mín við 0,5 millibara stöðugan þrýsting.
    - 1.1.4. Hringinn í kringum toppinn á tækinu skulu vera sex útstreymisgöt fyrir gufu, með jöfnu millibili (sjá mynd 1):
    - 1.1.5. Tækið skal kvarðað við  $-3 \pm 1$  °C til að sýna hvert  $70 \pm 5$  g/klst. frágagn upp að hámarki n sinnum þessi tala, þar sem n er hámarksfjöldi sæta sem framleiðandi tilgreinir.

Mynd 1

## Skýringarmynd af gufutæki



- 1.2. Tilgreindir íhlutir skulu hafa eftirfarandi einkenni hvað mál og efni varðar:
    - 1.2.1. Stútur
      - 1.2.1.1. Stærð:
        - 1.2.1.1.1. Lengd 100 mm.
        - 1.2.1.1.2. Innra þvermál: 15 mm.
      - 1.2.1.2. Smíðaeefni:
        - 1.2.1.2.1. Messing
    - 1.2.2. Dreifiklefi
      - 1.2.2.1. Stærð:
        - 1.2.2.1.1. Ytra rörþvermál
        - 1.2.2.1.2. Þykkt veggjar 0,38 mm.
        - 1.2.2.1.3. Lengd 115 mm.
        - 1.2.2.1.4. Með jöfnu millibili raðast sex göt með 6,3 mm þvermál 25 mm ofan við botninn á dreifiklefanum.
      - 1.2.2.2. Smíðaeefni:
        - 1.2.2.2.1. Messing
-